

Sp.

659. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun ákvæða þingskapa um fyrirspurnir og tillögur til þingsályktunar.

Flm.: Hermann Jónasson, Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði gildandi þingskapa um fyrirspurnir og tillögur til þingsályktunar og leggja frv. þar að lútandi fyrir næsta Alþingi. Við endurskoðunina verði lögð áherzla á að girða fyrir, að fyrirspurnir séu notaðar til að deila á einstaklinga utan þings eða dylgja um þá. Jafnframt verði leitast við að tryggja, að heimild til að láta stutta greinargerð fylgja tillögum til þingsályktunar sé ekki misnotuð á þann hátt, að í slíkar greinargerðir sé blandað umræðum um menn og málefni, sem eru efni tillögunnar óviðkomandi.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar er fram komin að gefnum tilefnum. — Það er orðið kunnara en frá þurfi að segja, að einn þingmaður, þ. e. þingmaður Suður-Þingeyinga, Jónas Jónsson, hefur sérstaklega misnotað aðstöðu sína á Alþingi til þess að bera fram tillögur til þingsályktunar og láta þeim fylgja langar greinargerðir, þar sem úir og grúir af ósönnum óhróðri og dylgjum um menn og málefni. Þessi ósannindi eru síðan prentuð á kostnað þingsins og lesin í útvarp af fréttamanni þess með öðrum þingfréttum að meira eða minna leyti, svo sem tíðkast um greinargerðir. Það er sannanlegt með ótal tilvitnunum í framangreind skjöl þingsins, að Jónasi Jónssyni hefur með þessu móti tekizt að nota greinargerðir með tillögum til þingsályktunar og enn fremur fyrirspurnarformið sem farveg fyrir iðju og athæfi. sem er Alþingi ósamboðið, að unnið sé á þess vegum. Það er Alþingi ósamboðið, að þingskjöl séu notuð til að dreifa út um landið gegnum útvarp skróksögum um þegna, án þess að þeir hafi einu sinni tækifæri til að verja sig á sama vettvangi, — og er þessi iðja á vegum Alþingis niðurlægjandi fyrir það sem stofnun, þegar auðsætt er, að þingsályktunartillögurnar snerta ekki þjóðmál og eru bornar fram eingöngu í þeim tilgangi, sem að framan er greindur.

Misnotkun þessi á þingsályktunum er svo kunn, eins og áður segir, að óþarft er að rekja það. Meðal þingmanna hefur komið til orða að banna greinargerðir með tillögum til þingsályktunar til þess að fyrirbyggja framangreinda misnotkun. Það má segja, að þessi söguburður Jónasar Jónssonar í greinargerðum hafi náð hámarki í þeim tillúningi hans, að tveir forsetar þingsins hafi ætlað að koma upp drykkju-bar í salarkynnum Alþingis og að fót séu rifin af mönnum vegna áfloga í þingveizlum. Þegar iðja Jónasar Jónssonar er komin á þetta stig, ætti Alþingi að gera ráðstafanir til, að henni verði ekki haldið áfram.

Fyrirspurnatíminn er tiltölulega nýr á Alþingi og hefur þess vegna ekki verið misnotaður eins lengi. En J. J. fann fljótt í fyrirspurnunum farveg fyrir sérstaka tegund af dylgjum. Á seinni tíð notar hann þessa aðferð æ meir, því að misnotkun hans á þingsályktunum er svo alþekkt orðin, að það er orðið mjög takmarkað, sem hann fær lesið í útvarp af greinargerðum sínum.

Skulu nefnd nokkur dæmi um þessa vinnuaðferð:

1. Jónas Jónsson spyr um uppgröft beina Jóns Arasonar og sona hans. En þegar málið er rætt, upplýsir einn þingmaður, að Jónas Jónsson hafi fyrir 20—30 árum vitað flest um þetta mál, er hann spurði um nú. Kom þá í ljós, að fyrirspurnin var ekki gerð til þess að fá upplýsingar, heldur til að geta sett fram spurningar, sem lesnar væru upp í útvarp, þannig orðaðar, að þær vektu grunsemdir.
2. Þessi sami þingmaður hefur spurt um „útgjöld ríkisins við kaup og endurbætur á Bessastöðum“ og enn fremur: „Hve mikið greiddi ríkissjóður Sigurði Jónas-

syni í sambandi við burtför hans af jörðinni?“ Hér er í tveim setningum komið fyrir tveim ósönnum dylgjum um þann mann, sem gaf ríkinu forsetabústaðinn. Það er gefið í skyn, að ríkissjóður hafi keypt Bessastaði af Sigurði Jónassyni og auk þess keypt hann burt af jörðinni.

Hið sanna er, og um það liggja fyrir óvefengjanleg skjöl, að Sigurður Jónasson tilkynnti ríkisstjórninni, eftir að hún hafði beðið um jörðina til kaups, að hann gæfi ríkinu Bessastaði fyrir forsetabústað. Hann tilkynnti bréflega, að hann gæfi jörðina eins og hann hafði keypt hana þá fyrir tæpu ári. Hann kvaðst ekki hafa efni á að gefa umbætur, sem nýbúið var að ljúka, né umbætur, sem verið var að vinna, áburð á tún og fræ og útsæði í garða. Ekki heldur innanstokksmuni, búshöld úti við og inni né áhöfn, sem var meðal annars 25 kýr og nokkrir aðrir nautgripir og dráttarhestar. Það var þetta, en ekki jörðin, sem ríkið greiddi 122 þús. krónur fyrir, og er það nú lítið meira en andvirði áhafnanna einnar. Um þetta liggja fyrir nákvæmir reikningar hjá forsætisráðherra, og sýna þeir, að Sigurður Jónasson afhenti ríkisstjórninni sparisjóðsbók með 92 þúsundum til að greiða það, sem á jörðinni hvíldi. Gjöf Sigurðar Jónassonar mun að flestra kunnugra manna áliti vera mörg hundruð þúsunda króna virði, að ekki sé meira sagt.

3. Þriðju dylgjurnar skulu nefndar. Þessi sami þingmaður spyr um, hvaða laun húsameistari sá hafi fengið, sem annaðist byggingar á Bessastöðum. Hér er verið að reyna að gefa því vængi, að eitthvað óheiðarlegt hafi verið við þessar greiðslur, — án þess að nokkurt tilefni sé til þess
4. Enn má nefna fyrirspurn varðandi njósnir Þjóðverja. Sagt er í fyrirspurninni, að í bréfum frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, rituðum 1939 og 1940 til þáverandi forsætisráðherra, hafi verið upplýsingar um umfangsmiklar njósnir Þjóðverja á Íslandi. Látið er liggja að því í fyrirspurninni, að forsætisráðherrann þáverandi hafi dulið utanríkismálanefnd þessara upplýsinga, jafnvel í ákveðnum tilgangi. Eru þessar dylgjur svo endurteknar með ýmsu móti í fyrirspurninni — auðsjáanlega til þess að láta í þingfréttatíma lesa þennan óhróður í útvarp eins og aðra framleiðslu af þessu tagi.
5. Enn má nefna dylgjurnar um það, að fyrrverandi lögreglustjóri í Reykjavík hafi verið sendur — rétt eins og hann hafi ekki sjálfur ráðið ferðum sínum — til Þýskalands. Er svo látið liggja að því, að hann hafi verið sendur vegna þess, að eitthvert dularfullt og miður heiðarlegt samband hafi verið milli þáverandi forsætisráðherra og þýzku nazistanna.

Fleiri dæmi mætti nefna, en þess gerist ekki þörf. Það ætti að vera nægilega ljóst af því, sem fyrir liggur og hér er rakið, að mál er til komið fyrir Alþingi að taka í taumana og fyrirbyggja, að svona iðju verði haldið áfram á vegum þess.